



Stjórn SSH 359. fundur

Mánudaginn 7. febrúar 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Pálmi Másson, Jón Gnarr Kristinsson og Guðný G. Ívarsdóttir.
Ennfremur sátu fundinn Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir í forföllum Guðmundar Rúnars Árnasonar og Guðríður Arnardóttir í forföllum Guðrúnar Pálsdóttur.
S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra sat einnig fundinn.
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.
Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 13:10.

Þetta gerðist:

1. Kjarasamningar – yfirferð yfir kjaramálastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga, stöðu og horfur framundan í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambandsins mætti á fundinn og gerði grein fyrir ofangreindum málum.

2. Málefni tónlistarskóla – yfirferð v. viðræðna við menntamálaráðuneyti

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambandsins gerði grein fyrir yfirstandandi viðræðum milli Sambandsins og menntamálaráðuneytis v. kostnaðar við rekstur tónlistarskóla og kostnaðarskiptingar milli aðila.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur nauðsynlegt að sem fyrst fáið niðurstaða úr yfirstandandi viðræðum.

Einnig sagði Guðjón Bragason frá drögum að nýjum grunnskólalögum.

3. Rekstraráætlun skíðasvæðanna fyrir 2011

Frestað til næsta fundar, Birni Blöndal falið að skoða hvernig fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar endaði fyrir árið 2011 varðandi eignabreytingar.

4. Búsetuskilyrði v. þjónustu velferðarsviða sveitarfélaganna

HS vakti máls á þörf fyrir samræmdar reglur og viðmið sveitarfélaganna um búsetuskilyrði vegna þjónustu velferðarsviðanna.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa málinu til skoðunar og umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hjá forstöðumönnum velferðarsviða sveitarfélaganna.



5. Ársuppgjör SSH fyrir árið 2011

Fyrir lá óendurskoðað uppgjör SSH fyrir árið 2010.

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að kalla eftir vinnu endurskoðanda vegna ársreiknings fyrir 2010, og stefnt væri að framlagningu endurskoðaðs ársreiknings á næsta fundi stjórnar.

6. Önnur mál

a) Málefni utangarðsfólks

Borgarstjóri vakti máls á stöðu útigangsfólks og kallaði eftir umræðu um mögulegar samræmdar aðgerðir sveitarfélaganna til að breyta núverandi ástandi.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa umræðunni til forstöðumanna velferðarsviða sveitarfélaganna að ræða málið á þeirra föstu fundum.

- b) Borgarstjóri vakti máls á þeim möguleika að framkvæmdastjórar sveitarfélaga fengju heimild til að gefa fólk saman.
- c) Umræður
- d) Niðurstaða:
- e) Fundarmenn tóku jákvætt í hugmynd borgarstjóra, honum falið að skoða hvernig slíkt yrði útfært.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00